

Stóra-Núpi, 14. mars 2014

Efni: Athugasemdir vegna tillögu verkefnastjórnar 3. áfanga rammaáætlunar um að færa „Hvammsvirkjun“ úr biðflokki í nýtingarflokk.



Myndir af fyrirhuguðu framkvæmdasvæði og áhrifasvæði virkjunar við Hvamm (frá 2009-2013; Anna Sigríður Valdimarsdóttir).

Jeg held jeg ekki muni til fegurri landlagssýnar en frá steinbúngunum austan við Minnanúp og horfa þaðan inn Þjórsárdalsmynnið – innað Búrfelli – með Landsveit inni á millum – litla bæinn Skarðssel, þessa mynd hef jeg oft sjéð – því jeg hef gert það að vana mínum að jeg hef farið austur að Stóranúpi – beint austur að Þjórsá og endurnært mig á þessari fegurð – þar sem Minnanúpshólmi – eða „Viðey“ sem hann víst líka kallast – blasir einnig við. Þessa dásamlegu sýn sem mjer er svo kær allareiðu síðan á bernskuárum verð jeg altaf að sjá aftur og aftur, þar til jeg ekki get lengur.^a

^aFerðarispa sem birtist í Morgunblaðinu 19. október 1971 og segir frá béfum í eigu Jóns Guðmundssonar frá Fjalli. Þar er vísað í bréf frá 11. mars 1938, skrifuðu af Einari Jónssyni í Galtafelli.

Svo ritaði Einar Jónsson, myndhöggvari frá Galtafelli, árið 1938 – og svo tek ég undir nú, árið 2014. Þessi dásamlega sýn er mér svo kær og hefur verið síðan í barnæsku. Í þessa sýn sæki ég og margir sveitungar mínir hluta af sjálfsmynd okkar. Þessa sýn endurnýi ég reglulega á ólíkum árstímum. Þessa sýn brenn ég fyrir. Þessa og margar henni líkar. En þetta er ekki bara bundið við sýnir. Svæðið örvar fleiri skilningarvit en sjónina. Það að Þjórsá rennur þar sem hún rennur hefur alla mína 32 ára ævi gefið mér stórbrotna tóna, einkum kvölds, náttu og morgna. Áin hefur leikið stórtónleika ein og sér eða sem undirleik með fuglasöng árla morgna.

Engir peningar geta réttlætt eða bætt fyrir óafturkræf náttúruspjöll. Eins og staðan blasir við mér í dag er ekki þörf á aukinni rafmagnsframleiðslu heldur þvert á móti að við förum að hugsa málin á annan hátt. Við þurfum að breyta neyslumynstri okkar og leita annarra leiða til að sjá okkur farborða en þróunin hefur verið síðustu ár og áratugi. Jörðin, vatnið og lífríkið eru ekki óþrjótandi auðlindir sem við getum endalaust gengið á án afleiðinga. Nú er tíminn til að leita annarra leiða til að framleiða rafmagn heldur en í gegnum virkjun vatnsfalls og jarðvarma. Hvorug þessara leiða er það göfug og græn að hægt að hægt sé að þurrausa þær án þess að þær verði spilltar og gráar.

Hvað þennan tiltekna virkjana-/verndarkost ræðir, þá er þetta svæði – sem og svo ótal mörg önnur – mörgum mjög kært og mikilvægt. Ekki einungis hvað varðar ásýnd heldur er það sögulega og náttúrufarslega mikilvægt. Það er perla sem geymir aðrar smærri en ekki síður mikilvægar perlur.

Virkjun á þessu svæði myndi ekki einungis hafa veruleg óafturkræf áhrif á náttúrufar og dýralíf á svæðinu. Stórum grónum svæðum og varpstöðvum fjölda gæsa og mólendisfugla yrði eytt og auk þess myndi það breyta til frambúðar ásýnd og landslagsheild svæðisins. Árfarvegur yrði svo gott sem þurrkaður upp neðan fyrirhugaðs lóns, með tilheyrandi röskun á því lífríki sem nýtir ána sem sitt búsvæði. Eyjarnar Minnanúpsbólmi (Viðey í Þjórsá) og Ölmóðsey stæðu upp úr þurrum árfarveginu, aðgengi í þær myndi breytast, hvernig sem á það er litið. Minnanúpsbólmi hefur nú verið friðaður vegna mikilvægrar þekkingar sem hann hefur að geyma vegna þeirrar náttúrulegu verndar sem hann hefur notið af ánni. Því er gróður hans nokkuð sérstæður þar sem áhrif spendýra á hann eru takmörkuð. Hugmyndin er að ef virkjun yrði væri girt umhverfis hólmann til að hamla því að t.d.

búfé og menn komist í hann að vild. En girðing hefði einnig í för með sér skert aðgengi fugla sem nýta hann til varps.

Svo gríðarmiklar breytingar á ásýnd og landslagi væru vissulega stórmál í sjálfu sér. Umbreyting á svæði sem af mörgum er talið eitt af aðaleinkennum þeirrar sveitar sem ég bý í.

Nokkrum fornleifum stafar hætta af fyrirhugaðri Hvammsvirkjun og framkvæmdum henni tengdum. Þar má nefna reiðgötur, rústir, sandvarnargarðar og fjárréttir. Minjar sem eru táknrænar og mikilvægar fyrir sögu umlykjandi sveita sem og fyrir sögu byggðar í landinu.

Íslendingar framleiddu um 17.210 GWh árið 2011 og er hlutur vatnsorku þar af um 73%. Áliðnaðurinn nýtir langstærstan hluta framleiðslunnar eða 71% og stóriðja (áliðnaður, álþynniframleiðsla og járnblendi) alls 80% á meðan heimili og þjónusta nýta samanlagt um 11%. Á sex ára tímabili (2007-2011) hefur raforkuframleiðsla aukist um 5.234 GWh eða að meðaltali um 1.047 á ári.

Árleg orkuvinnsla Landsvirkjunar er um 12.500 GWh (vefur) en tap fyrirtækisins nam um 4,4 milljörðum ísl. kr árið 2013. Tapið er að mestu talið vegna lækkunar álverðs í heiminum.

Árið 2013 var mesta raforkuvinnsla og sala í sögu Landsvirkjunar. Seldar voru 13.186 GWst sem er aukning um 416 GWst frá fyrra ári. Reksturinn gekk vel og að mestu áfalla-laust. Rekstrartekjur, EBITDA og hagnaður fyrir óinnleysta fjármagnsliði jukust á árinu.

Þrátt fyrir þennan árangur í orkusölu í erfiðu markaðsumhverfi var Landsvirkjun rekin með tapi á síðasta ári. Ástæðu þess má rekja til lækkunar á álverði á heimsmarkaði, sem kemur meðal annars fram í mikilli lækkun á bókfærðu verði innbyggðra afleiða, sem fyrirtækið getur haft takmörkuð áhrif á.^b

Tap Landvirkjunar minnir á hversu mikilvægt er að fjölbreytni sé meðal orkukaupenda og ætti að hvetja til að hverfa frá frekari hugmyndum um mengandi og orkufrekum iðnaði. Tíðarfar hefur verið óhagstætt vatnsfallsvirkjunum að undanfögnu sem rennir enn frekari stoðum undir að ástæða sé að horfa til þróunar annarra orkugjafa.

^bHörður Árnason, forstjóri Landsvirkjunar:

<http://www.landsvirkjun.is/fyrirtaekid/fjolmidlatorg/frettir/frett/arsreikningur-landsvirkjunar-2013>

Hér hef ég komið að nokkrum af þeim atriðum sem ég færi fyrir athugasemdum mínum. Í því ljósi mótmæli ég harðlega tillögu verkefnastjórnar 3. áfanga rammáætlunar um að færa Hvammsvirkjun úr biðflokki í nýtingarflokk. Ég legg ríka áherslu á að umrætt svæði, Þjórsá í byggð, náttúran og lífríkið og samfélagið í sveit minni og nærsveitum fái að njóta vafans og að Hvammsvirkjun verði sett í verndarflokk ellegar verði áfram í biðflokki. Eins legg ég til að við hættum að tala um Hvammsvirkjun en tölum þess heldur um Þjórsá neðan Haga, meðfram Hagaey, við Núp, meðfram Minnanúpshólma og Ölmóðsey.

Anna Sigríður Valdimarsdóttir
kt. 031081-5999
Stóra-Núpi, Gnúpverjahreppi
801 Selfoss

Aðrar heimildir

<http://www.rammaaetlun.is/media/gogn/Tillaga-um-flokkun-virkjunarkosta-131219-FINAL.pdf>

http://www.rammaaetlun.is/media/gogn/Kort_allir_virkjunarkostir_haust_2013.pdf

<http://www.landsvirkjun.is/Media/HvammsvirkjunRammaaetlun.pdf>

<http://www.landsvirkjun.is/rannsoknirogthroun/virkjunarkostir/hvammsvirkjun>

http://www.landsvirkjun.is/Media/Fornleifaskraning_vid_Thjorsa_vegna_mats_a_um_hverfisahrifum_2002.pdf

http://www.orkustofnun.is/media/orkutolur/vefur_orkutolur_2009.pdf<http://www.mbl>

http://www.landsvirkjun.is/Media/Matsskyrsla_Virkjun_Thjorsa_vid_Nup_2003.pdf

http://www.os.is/gogn/os-onnur-rit/orkutolur_2010-islenska.pdf

<http://www.orkustofnun.is/media/orkutolur/506-OS-energystatistics-IS-UPPFAERT-VEF.pdf>

http://www.os.is/gogn/os-onnur-rit/orkutolur_2012-islenska.pdf

http://www.vidskipti/frettir/2014/02/21/tap_landsvirkjunar_4_4_milljardar/ og ársreikningar

<http://www.landsvirkjun.is/fyrirtaekid/fjolmidlateg/frettir/frett/ovenjulitid-innrennsli-In-og-hagstaett-tarfar>